

<b>Dags. fundar:</b> 3. mars 2014	<b>Tími:</b> 17.15.	<b>Nr. fundar:</b> 39
<b>Fundarboðari:</b> Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	<b>Fundarritari:</b> Björn Valdimarsson	<b>Staður:</b> Laugardalslaug.

**Efni fundar:**

1. Dómaranámskeið 27. mars 2014.
2. Undirbúningur vegna Smáþjóðaleika.
3. Þýðing á almennum reglum 2013-2017.
4. FINA listi #18.
5. ÍM50
6. Önnur mál.
  - a. Merkingar á dómaboli.
  - b. Mótagögn.

**Viðstaddir:** Björn Valdimarsson, Ólafur Baldursson, Jón Hjaltason, Sigurður Óli Guðmundsson, Viktoría Gísladóttir og Hilmar Örn Jónasson.

**Boðuð forföll:** Gunnlaugur Þráinsson og Ragnhildur Guðjónsdóttir.

**Dagskrá:**

1. Dómaranámskeið verður haldið í tengslum við Sundmót Ármanns. Bókleg kennsla fer fram fimmtudaginn 27. mars og verkleg helgina 28.-30. mars. Björn Valdimarsson og Jón Hjaltason sjá um námskeiðið.
2. Mættir nefndarmenn voru sammála um að þeim þætti hlutverk DMT-nefndar við undirbúning Smáþjóðaleikanna frekar óljóst. Að fá dómara til starfa á sundmót er nefndinni ekki ókunnugt og ætti að ganga vel ef tíminn sem gefinn verður til þess er nægur en innan nefndarinnar liggur mikil reynsla og kunnátta á mótahaldi og þykir nefndarmönnum lítið gert til að nýta það sem til er, frekar eins og að lítið sé gert með ábendingar og hugmyndir nefndarmanna.
3. Þýðingu á almennum reglum 2013-2017 er nær lokið og verður hún send stjórn SSÍ til samþykktar innan skamms.
4. Nefndin leggur til að sótt verði um fyrir fjóra dómara og tvo ræsa á nýjan FINA lista. Hámarks möguleiki er að fá þrjá dómara og tvo ræsa á listann en nefndin telur betra að hafa fleiri nöfn í boði en færri. Umsóknnum þarf að skila í síðasta lagi 23. apríl n.k. og verður ÍM50 því síðasta mótið sem umsækjendur geta skráð sem alþjóðlegt mót á umsóknina.
5. ÍM50 verður haldið 11.-13. apríl n.k. SSÍ mun senda út dómgsæslubeiðnir á dómara listann og Jón Hjaltason taka við skráningum starfsmanna.
6. Önnur mál.
  - a. Búið er að panta dómaboli en DMT-nefndin velti fyrir sér tilgangnum og þörfinni á að merkja bolina hverri stöðu. Hvort ekki mætti alveg eins hugsa sér að allir bolir yrðu eins merktir en dómara fengju einhvers konar skírteini, annað hvort um háls eða nælt í sig.
  - b. Enn einu sinni voru skil á mótagögnum rædd og enn og aftur kemur í ljós að það eru sömu félögin sem ekki skila gögnum til skrifstofunnar innan tilskilins tíma sem öll félög eiga að vita um. Einnig var rætt hvort ekki væri tímabært að gera skil á mótagögnum

nútímalegri, rafræn, og geymsla gagnanna yrði samræmd bæði hvað varðar hvaða gögn þarf að geyma og hversu lengi.

**Fundi slitið** kl: 18.50. **Næsti fundur:** mánudaginn 31. mars kl. 17.15 í Laugardalslaug.